

# STJÓRNARTÍÐINDI B 47 – 1989

---

28. júní 1989

585

Nr. 318

## REGLUGERÐ

### um bann við netaveiðum fiskiskipa 1. júlí – 15. ágúst 1989.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1989 til og með 15. ágúst 1989 eru allar þorskfisknetaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 28. júní 1989.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Arndís Steinþórsdóttir.*

27. júní 1989

Nr. 319

## REGLUGERÐ

### um innheimtu á vangoldnum söluskatti.

1. gr.

Við innheimtu á söluskatti skulu allir gjaldendur sem eins stendur á um við innheimtu, vanskil og nauðungaraðgerðir, hljóta sams konar meðferð.

2. gr.

Áfrýjun skattaákvörðunar eða deila um skattskyldu frestar ekki eindaga söluskattsins né leysir undan neinum þeim viðurlögum, sem lögð eru við vangreiðslu hans, en ef skattur er lækkaður eftir úrskurði eða dómi, skal þegar endurgreiða það, sem lækkuninni nemur.

Innheimtumaður skal hefja innheimtuaðgerðir sínar til að tryggja sem best söluskattskröfu ríkissjóðs í síðasta lagi 30 dögum eftir að skattstjóri, eftir atvikum ríkisskattstjóri, hefur ákvarðað söluskatt vegna viðkomandi uppgjörstímabils eða endurákvarðað gjaldanda söluskatt vegna fyrri tímabils.

B 43

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

## 3. gr.

Innheimtumaður getur látið lögregluna stöðva atvinnurekstur þeirra aðila, sem ekki gera fullnægjandi skil á söluskatti eða álagi skv. 21. gr. laga um söluskatt, á tilskildum tíma, með því m.a. að setja starfsstöðvar, skrifstofur, útsölur, tæki og vörur undir innsigli, þar til að full skil eru gerð.

Ef ágreiningur um skattskyldu eða skatthæð er til meðferðar hjá ríkisskattaneftnd getur innheimtumaður frestað lokunaraðgerðum skv. 1. mgr., enda bjóði skuldari fram til tryggingar söluskattsskuldinni, lögbundnu álagi og kostnaði við innheimtu hennar, sjálfskuldaábyrgð banka eða sparisjóðs, er innheimtumaður metur fullnægjandi.

## 4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 12. gr. söluskattslaga nr. 10/1960, með síðari breytingum og öðlast hún þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 27. júní 1989.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

*Ásmundur Vilhjálmsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Seyðisfjarðar hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 31. maí 1989, fallist á og staðfest, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, þá breytingu á staðfestu aðalskipulagi Seyðisfjarðar 1978–1998 að umferðarkerfi og landnotkun á miðbæjar-svæði breytist sbr. uppdrátt frá Skipulagsstofu Austurlands dags. í mars 1989.

*Félagsmálaráðuneytið, 22. júní 1989.*

F.h.r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Hólmsfríður Snæbjörnsdóttir.*

## REIKNINGUR

### yfir tekjur og gjöld sjóðsins Stígs, fyrir árið 1988.

#### Sjóður í ársbyrjun:

Landsbankainnstæða nr. 5268395	kr. 6 421
Vextir	kr. 2 113
	<hr/>
	kr. 8 534

*Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1989.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Lára Haflíðadóttir.*